

# GJALDSKRÁ

## fyrir Hafnarsjóð Djúpavogshrepps.

### Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 með síðari breytingum.

### Um gjalddöku, er tengist stærð skipa.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa (BT) samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

### Skipagjöld.

4. gr.

#### *Lestargjöld:*

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 15,08 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

#### *Bryggjugjöld:*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

Skip við bryggju kr. 7,80 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma, sem skip liggur bundið, hámark 13 sinnum í mánuði.

Farþegaskip, sem liggja við ankeri, en nota flotbryggju, skulu greiða kr. 3,75 á mælieiningu.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald,

Bátar yfir 20 brt aldei lægra en kr. 21.000 .

Bátar 10-20 brt aldrei lægra en kr. 12.500.

Bátar 8-10 br. aldrei lægra en kr. 9.400

Bátar yfir 6 metrar en undir 8 brt aldrei lægra en kr. 6.250.

Bátar yfir 6 metrar að lágmarki 1.500 fyrir einstaka komu.

Bátar undir 6 metrar aldrei lægra en kr 5.200 .

Skútur og skemmtibátar sem koma til hafnar greiði 60 evrur fyrir hverja byrjaða viku.

### Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum vegna álagningar vörugjalda til hafnarinnar.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.